

Ed. 512. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [38. mál.]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gísla Jónssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli millipinganevnd þeirri, sem nú starfar að endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, að athuga gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að fella niður allan tekjuskatt, eða ef það þykir ekki gerlegt, þá að fella niður a. m. k. allan skatt af lágtekjum, allt að 20 þús. kr., og allan skatt af tekjum þeirra fyrirtækja, sem reka áhættusaman atvinnurekstur, svo að þeim sé unnt að safna öruggum varasjóðum í góðærum, sem tryggja áfranhaldandi rekstur þeirra, þegar verr árar, og enn fremur að lækka allverulega núgildandi skattstiga, enda verði þessari athugun lokið svo fljótt sem verða má og frv. til breyt. á lögunum lagt fyrir næsta Alþingi, byggt á niðurstöðu þeirra rannsókna, sem nefndin kann að komast að, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.